

REGLUGERÐ

um innflutning á djúpfrystu svínasæði.

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um innflutning á djúpfrystu svínasæði til Íslands. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist til landsins með slíkum innflutningi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessari reglugerð.

Matvælastofnun fer með framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð þá merkingu sem hér segir:

- Djúpfryst svínasæði*: Sæði úr göltum sem fryst er í fljótandi köfnunarefni til geymslu og flutnings.
- Smitsjúkdómur*: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.
- Sæðisgjafi*: Göltur sem sæði er tekið úr til sæðingar.
- Vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð*: Aðstaða þar sem djúpfryst svínasæði er þýtt upp og gert hæft til sæðingar.

II. KAFLI

3. gr.

Leyfi til innflutnings.

Óheimilt er að flytja djúpfryst svínasæði til landsins nema með leyfi Matvælastofnunar, að fenginni umsögn fagraðs í svínarækt.

Matvælastofnun er heimilt að afturkalla útgefið leyfi ef skilyrðum innflutnings er ekki fullnægt eða ef talið er að smitsjúkdómahætta stafi af innflutningi.

4. gr.

Heilsufar sæðisgjafa.

Aðeins er heimilt að flytja til landsins djúpfryst sæði úr heilbrigðum göltum, sem skoðaðir hafa verið af embættisdýralækni, frá viðurkenndum sæðingarstöðvum í Noregi.

Við heilbrigðisskoðun við sæðistöku skal sæðisgjafi hafa verið í 30 daga í einangrun og ekki sýnt nein einkenni smitsjúkdóms. Sæðisgjafi skal vera einstaklingsmerktur fyrir sæðistöku, bólusetningar og blóðpróf.

5. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Með innfluttu djúpfrystu svínasæði skal fylgja opinbert heilbrigðis- og upprunavottorð sæðisgjafans þar sem eftirgreint skal m.a. koma fram:

a)	Yfirlýsing um að enginn dýr á sæðingarstöð hafi verið bólusett við eftirfarandi sjúkdómum:	
	Gin- og klaufaveiki	Foot and Mouth Disease - Picornaviridae
	Aujeszky's-veiki	Aujeszky's disease - Pseudorabies - Herpesviridae
b)	Yfirlýsing um að sæðisgjafi hafi verið prófaður við eftirfarandi sjúkdómum:	
	Svínapest	Classical swine fever - Hog cholera - Flaviviridae
	Smitandi fösturlát/Brúsellósa	Brucellosis - Brucella abortus/B. suis/B. melitensis

	Aujeszky's-veiki	Aujeszky's disease - Pseudorabies - Herpesviridae
	PRRS-veiki	Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
c)	Yfirlýsing um að í útflutningslandinu séu ekki til staðar eftirfarandi sjúkdómar:	
	Gin- og klaufaveiki	Foot and Mouth Disease - Picornaviridae
	Munnblöðrubólga	Vesicular stomatitis - Rhabdoviridae
	Afríkönsk svínapest	African swine fever (ASF) - ASF-like virus
	Illkynja grísalömun	Teschen disease - Picornaviridae
	Svínapest	Classical swine fever - Hog cholera - Flaviviridae
	Smitandi fösturlát/Brúsellósa	Brucellosis - Brucella abortus/B. suis/B. melitensis
	Aujeszky's-veiki	Aujeszky's disease - Pseudorabies - Herpesviridae
	PRRS-veiki	Porcine respiratory and reproductive syndrome (PRRS)
	Svínafar	Swine vesicular disease (SVD) - Picornaviridae
	Smitandi maga- og garnabólga	Transmissible gastroenteritis (TGE) - Coronaviridae
	PRCV-veiki	Porcine Respiratory Coronavirus (PRCV)
d)	Yfirlýsing um að engin dýr á sæðingarsstöð hafi sýnt klínísk einkenni síðustu 30 daga vegna eftirfarandi sjúkdóma:	
	Hundaæði	Rabies - Rhabdoviridae
	Berklum	Tuberculosis - Mycobacterium bovis/tuberculosis
	Aujeszky's-veiki	Aujeszky's disease - Pseudorabies - Herpesviridae
	Svínainflúensu	Swine influenza - Hog flu - Orthomyxoviridae
e)	Yfirlýsing um að sæðisgjafi og allir geltir á sæðingarsstöð hafi verið bólusettir við sjúkdómnum smitandi fösturdaði (Porcine parvovirus (PPV) - Parvoviridae) áður en þeir komu á stöðina og reglulega á meðan þeir eru á stöðinni.	
f)	Yfirlýsing um að sæðið hafi verið blandað með fúkkalyffjum sem virka gegn Leptóspírósa/Gulusótt (Leptospirosis - Leptospira spp) og berfrymingi (mykoplasma).	

Yfirdýralækni er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði c-liðar undir sérstökum kringumstæðum, ef fagleg rök mæla með því. Hann setur jafnframt skilyrði fyrir innflutningnum sem byggja á áhættumati fyrir viðkomandi sjúkdóm og aðstæður.

6. gr.

Umsjón og ráðstöfun á sæði.

Matvælastofnun fer með umsjón og eftirlit með djúpfrystu svínasæði frá því að það kemur til landsins. Stofnunin afhendir viðkomandi svínabúi sæðið, á stað sem stofnunin ákveður.

Aðeins þau svínabúi sem hafa gilt starfsleyfi frá Matvælastofnun, eru laus við smitsjúkdóma og hafa vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð geta fengið afhent djúpfryst svínasæði.

Líða skulu hið minnsta 30 dagar frá töku sæðis til notkunar þess.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

Aðeins er heimilt að nota heilbrigðar gyltur til sæðinga. Veikist gylta eftir sæðingu með djúpfrystu svínasæði skal tafarlaust hafa samband við héraðsdýralækni.

8. gr.

Útbúnaður og umgengni.

Vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð skal vera hjart og rúmgott. Allar innréttingar, veggir, gólf, dyra- og gluggabúnaður skal vera þannig að þrif og sótthreinsun séu auðveld. Þar skal vera heitt og kalt vatn og nauðsynleg hreinlætisaðstaða. Herbergið skal vera hæfilega upphitað. Í því skal vera tæki til sótthreinsunar og smásjá, handlaug og annar búnaður sem nauðsynlegur er. Til að koma í veg fyrir að smit berist inn í vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð er óheimilt að ganga beint inn í herbergið nema samgangur sé rofinn á milli ytra og innra umhverfis. Óheimilt er að nota herbergið fyrir annað en sæðismeðferð.

Ávallt skal þvo og sótthreinsa hendur áður en unnið er með sæði í vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð. Þeir sem sæða gyltur skulu klæðast sérstökum hreinum hlífðarfatnaði og skófatnaði sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Þeir skulu vinna störf sín eins hreinlega og kostur er og halda áhöldum og útbúnaði ávallt hreinum. Hlífðarfatnað sem notaður er við sæðingar með djúpfrystu sæði má ekki nota utan búnsins. Öll áhöld sem notuð eru til sæðinga og blöndunar skulu vera af vandaðri gerð, þannig að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa.

9. gr.

Sæðingar.

Sæðingar skulu framkvæmdar af starfsmanni viðkomandi svínabús, enda hafi hann aflað sér þekkingar á meðferð á svínasæði og sæðingum á námskeiði sem Matvælastofnun viðurkennir. Hann skal halda dagbók um sæðingar og afdrif allra sæðisskammta, hvort sem þeir eru notaðir til sæðinga eða er eytt.

Svínabú skal halda skrá um hvaða gyltur eru sæddar. Þess skal gætt að sæði sé merkt númeri sæðisgjafa og fram komi hvar og hvenær sæðið var tekið. Upplýsingar skulu koma fram um fang, þ.e. hvernig heldur við sæði úr hverjum gælti.

10. gr.

Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit o.fl.

Innflytjandi skal sjá til þess að þau vottorð sem krafist er, fylgi sæðinu við innflutning og ber hann allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. nauðsynlegum sýnatökum, eftirliti og rannsóknnum sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar.

III. KAFLI

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Um brot á þessari reglugerð fer skv. 18. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.